

Styrkir til skoðana- og kynnisferða innanlands - Viðmiðunarreglur

Stofnanir og deildir Vestmannaeyjabæjar geta skipulagt hópferðir starfsmanna þar sem heimsóttar eru sambærilegar stofnanir innanlands með það að markmiði að kynnast þeirri starfsemi eða kynna sína eigin. Sækja þarf um heimild til slíkrar ferðar til næsta yfirmanns með útfyllingu á eyðublaði **nr. 0102**.

Að öllu jöfnu skulu slíkar ferðir ekki farnar á almennum vinnutíma, þannig að til afleysinga þurfi að koma vegna fjarveru starfsmanna eða aukins launakostnaðar á meðan á ferð stendur.

Kostnað Vestmannaeyjabæjar skal skilgreina og samþykkja af yfirmanni áður en ferð er farin í samræmi við ákvæði á eyðublaði **nr. 0102**.

Samþykkt í bæjarráði Vestmannaeyja 10. September 2008